

Fundur haldinn í stjórn foreldrafélags Barnaskólans á Stokkseyri og Eyrarbakka, þann 7. mars 2011.

Mættir voru Lóa, Hildur, Ingólfur, Sveinn og Þóra.

Ingólfur sagði okkur frá síðasta skólaráðsfundi, og rædd voru nokkur atriði af þeim fundi, m.a göngustígur milli þorpanna, skóla- og verklagsreglur og fleira.

Rætt var um hlutverk skólaráðsins og mikilvægi þess að ráðið hafi skýr markmið og skýra stefnu, auk verklagsreglna sem geta hjálpað ráðinu að taka á hinum ýmsu málum.

Ákveðið var að hækka árlegt gjald til foreldrafélagsins upp í 2000 krónur á hverja fjölskyldu, og greiðslan er valfrjáls sem fyrr. Sveinn ætlar að ganga í málið og koma þessu af stað í bankann.

Rætt var um leikhúsferð á vegum foreldrafélagsins, ákveðið var að hafa augun opin ef einhver áhugaverð sýning væri á svæðinu, en Reykjavíkurleikhúsferðir blásnar af, m.a vegna kostnaðar.

Aðeins var minnst á sýningu á verkum nemenda, og áhuga flaggað á því að hún verði að veruleika á þessu ári, með aðstoð skólaráðsins.